



# STEFNA LEIKSKÓLANS DALS UM MÁL OG LESTUR

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur þannig skilum við nemendum okkar vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi. Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppveftri sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsisnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir.

**Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnpáttum lestrar: Hljóðkerfis – og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, hljóðrænni umskráningu og orðaforða.**

Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri. Framtíðarsýnin er mótuð út frá leiðarljósi þar sem sett eru fram fjögur markmið sem byggja á hlutverki foreldra í skólastarfi, stuðningi við kennara og samvinnu við stofnanir og félagasamtök.

**Leikskólinn Dalur setur sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur.**

## Læsisstefnan á heima í öllu starfi leikskólans

Starfshættir leikskólans stuðli að fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi sem eflir áhuga barnanna á læsi og bæti árangur í málþroska og lesskilningi. Nota fjölbreyttar og skapandi kennsluáferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til læsis, auki færni og gefi börnum færi á að tjá sig á margvíslegna hátt.

Nýta skal hvert tækifæri til að spjalla saman, t.d. í leik, við matarborðið, í fataherbergi og við skiptiborðið, setja orð á alla hluti og athafnir. Lesa á hverjum degi, nota samræðulestur og vera í litlum hópum.

# FRAMKVÆMDARÁÆTLUN 2016 - 2018

## Hlutverk kennara

- Kennarar eru góðar fyrirmyndir, tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða.
- Nota opnar spurningar svo barnið þurfi að tjá sig með setningum.
- Hlusta á börnin, grípa ekki fram í fyrir þeim eða svara fyrir þau.
- Ýta undir og styðja við málnotkun barnanna.
- Lesa vandaðar bækur miðað við aldur og þroska barnanna.
- Útskýra orð sem börnin þekkja ekki.
- Lesa, segja og spinna sögur.
- Hvetja börnin til að tjá tilfinningar og líðan, heilsa, kveðja og þakka fyrir sig.
- Hvetja börn og fullorðna til að setja orð á hluti og daglegar athafnir.
- Hvetja alla starfsmenn til að sækja sér endurmenntun og/eða kynna sér nýjungar í starfi, t.d. rannsóknir eða nýjungar hvað varðar kennsluefni.
- Kynna sér nýtt kennsluefni sem stuðlar að læsi.
- Upplýsa börnin fyrirfram hvað á að gera í daglegu starfi.
- Miðla hugmyndum og styðja samstarfsmenn.
- Hvetja starfsmenn til að prófa sig áfram með mismunandi kennsluaðferðir og nýjungar í starfi.

## Aðgengi að efnivið og þekkingu

- Allur efniviður sé aðgengilegur og merktur.
- Samræma það sem er merkt í leikskólanum.
- Stafrófið sé sýnilegt á öllum deildum.
- Hólfín merkt með nafni barns.
- Verk barnanna séu merkt með nafni og dagsetningu.
- Myndir notaðar til auðkenningar á hlutum, ásamt nafni hlutarins.
- Bækur séu aðgengilegar.
- Börnin geta gengið frjálst í þann efnivið sem þau hafa áhuga á.
- Starfsmenn hafi góðan aðgang að efnivið sem nauðsynlegur er .
- Ritföng séu aðgengileg.
- Nýta spjaldtölvur í starfi með börnunum og vanda val á verkefnum.
- Nýta bókasafn Kópavogs.

## Læsi í daglegu leikskólastarfi

### Fataherbergi

- Hafa fá börn í einu.
- Gefa hverju barni góðan tíma.
- Auðga málið með því að leika með íslenskuna.
- Tala um hlutina um leið og við framkvæmum þá.

## Matmálstímar

- Kenna almenna borðsiði – vera góð fyrirmynd.
- Æfa sig í að segja já takk og nei takk.
- Æfa sig í að biðja um aðstoð með orðum.
- Æfa sig í að hjálpast að og rétta hvort öðru.
- Æfa sig í að bíða eftir að röðin komi að þeim.
- Spjalla saman, rifja upp daginn, helgina eða það sem er áhugavert hverju sinni.

## Hópastarf

- Heimapekkingu: Hvað heitir þú? Hvenær áttu afmæli? Hvað heita foreldrar þínir?
- Hugtök, liti og form.
- Læsis- og stærðfræðiverkefni.
- Lubbi finnur málbein, þar sem kennd eru íslensku máhljóðin.
- Vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ þar sem verið er að vinna með góð samskipti og jákvæð viðhorf. Þar tjá börnin sig um umburðalyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.
- Þematengd verkefni svo sem dagur íslenskrar tungu.
- Farið í vettvangsferðir.

## Samverustundir

Samverustundir eru margþættar. Þar getur farið fram söngur, ný og gömul lög, þulur og ljóð, lesnar sögur, hlustað á geisladiska, umræður um Lubba og Blæ og það sem er áhugavert hverju sinni en þar fer einnig fram samræðulestur. Umræður um efni bóka og inntak er miðað við aldur og þroska barnanna.

## Barnabókmenntir

- Skoða bók áður en hún er lesin.
- Lesa vandaðar bækur.
- Lesa bundið mál.
- Lesa í minni hópum.
- Lesa framhaldssögur fyrir eldri börnin.
- Koma með bækur að heiman.
- Nota fræðandi bækur sem hægt er að túlka og ræða.

## Söngur og kveðskapur

- Hafa fjölbreytt lagaval.
- Túlka og ræða texta.
- Gera texta myndræna.
- Þulur og vísur. Nýta íslenska arfinn.
- Ríma og klappa orð.

## Samvinna við foreldra um mál og lestur

Samvinna við aðra er til góðs fyrir alla og verða þeir sem taka þátt fróðari fyrir vikið. Gott upplýsingastreymi bætir samstarf allra aðila ásamt því að gera þá að þátttakendum í starfi leikskólans. Þátttaka foreldra skiptir miklu máli.

- Vanda dagleg samskipti.
- Senda foreldrum reglulega tölvupóst um verkefni deildarinnar.
- Skrifa á töflur við deildir það sem gert hefur verið dag hvern.
- Segja foreldrum frá starfinu í daglegum samskiptum eins og hægt er.
- Upplýsingar settar á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börnin heima.
- Læsismánuður – heimaverkefni fyrir foreldra og börn.

## Samvinna leik- og grunnskóla

- Samvinna er á milli Dals, Núps og Lindaskóla.
- Fundað er í upphafi og lok hvers skólaárs.
- Elstu börnin fara einu sinni í viku í dægradvöl Lindaskóla í hópastarf.
- Börnin fara í sögustundir í bókasafni.

## Mat og eftirlit

Í leikskólanum Dal eru ýmsar skimanir notaðar til að skoða stöðu barna. Markmiðið er að sjá framfarir í daglegu starfi og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir. Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barnsins síns í foreldraviðtölum. Rætt er um úrræði, hvað foreldrar geta gert og hvaða aðstoð er hægt að sækja. Höfð er samvinna við sérfræðing ef þörf er á.

**HLJÓM 2** - 5 ára börnin fara í Hljóm - 2 skimun að hausti sem kannar hljóðkerfisvitund. Ef ástæða þykir þá er hljómskimunin gerð aftur um miðjan vetur, eftir æfingar bæði í skólanum og heima. Upplýsingum um framfarir og stöðu barns í málþroska er miðlað með skipulögðum hætti til grunnskólans.

**EFI 2** Öll börn á fjórða ári fara í þessa skimun. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málörðugleika er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

**ORÐASKIL** er málþroskaskimun sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Skimuninni er ætlað að mæla orðaforða barna og einnig hvort þau hafa náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Þennan lista fylla foreldrar út heima.